

ATHUGIÐ!

- Úthlutun herbergis tengist ákveðnu verkefni. Úthlutað er til einstaklings vegna þess og er óheimilt að leyfa öðrum afnot af herberginu.
- Ef í ljós kemur að safngestur notar ekki herbergi sem honum hefur verið úthlutað áskilur safnið sér rétt til að rýma herbergið og úthluta því öðrum.
- Bækur safnsins sem teknar eru til notkunar í herbergi skal skrá í lán. Að öðrum kosti virðast þær „týndar“ og getur það haft mikil óþægindi í för með sér fyrir aðra gesti.
- Handbókum, tímaritsheftum og námsritgerðum skal skila á sinn stað á hverju kvöldi.
- Ekki er heimilt að bera mat eða drykk í herbergin.
- Fyrsta hvers mánaðar er öllum skjölum eytt af harða disknum. Gestum er bent á að vista ávallt öll skjöl sín á minnislykil.
- Herbergisgólf eru ryksuguð eftir lokun á miðvikudögum.
- Tölvur í herbergjum má ekki taka úr sambandi.

Að loknum vinnudegi skal slökkva á skjánum.



Í safninu eru 26 lesherbergi ætluð fræðimönnum, háskólanemum í framhaldsnámi sem vinna að lokaverkefni (a.m.k. 15 ein.) og öðrum sem eru að vinna að ákveðnu rannsóknarverkefni og þurfa að nota rit safnsins í því skyni.

Úthlutun

Á 3. og 4. hæð safnsins eru **26 les-herbergi** sem eru ætluð fræðimönnum, háskólanemum í framhaldsnámi sem eru að vinna að lokaverkefni (a.m.k. 15 ein.) og öðrum sem eru að vinna að ákveðnu **rannsóknarverkefni** og þurfa að nota rit safnsins í því skyni.

Sækja skal um lesherbergi á sérstökum eyðublöðum á heimasíðu safnsins. Með umsókn skal skila **staðfestingu** skóla eða stofnunar sem umsækjandi vinnur verkefnið fyrir. Umsókn er ekki afgreidd nema staðfesting fylgi með. Ef umsækjandi er kennari eða nemandi við Háskóla Íslands útvegar safnið staðfestingu.

Herbergjunum er úthlutað til mismunandi langs tíma, allt frá einni viku til eins misseris. Ef nýting herbergis hefur verið góð getur leigutaki beðið um framlengingu á leigutíma. Það ræðst síðan af eftirspurn hvort hægt er að verða við slíkri beiðni.

Gjald fyrir herbergi með tölvu er 8.000 kr. á mánuði júní-ágúst en 10.000 kr. á mánuði sept.-maí. Fyrir herbergi án tölvu er gjaldið 6.000 kr. á mánuði júní-ágúst en 7.500 kr. á mánuði sept.-maí. Lágmarksgjald er 2.000 kr.

Safngestir skulu staðfesta umsókn sína innan viku frá úthlutun með því að greiða **staðfestingargjald** sem er í raun fyrsta mánaðarleigan. Þeir skulu síðan gefa sig fram við afgreiðslu útlánadeildar innan þriggja daga frá upphafi umsamins leigutíma. Að öðrum kosti geta þeir átt á hættu að herberginu verði úthlutað til annarra.

Greiða skal fyrir hvern mánuð fyrirfram og í síðasta lagi 7. hvers mánaðar. Ef safngestur óskar eftir að rýma herbergið á miðju leigutímabili getur hann fengið leigugjaldið að hluta endurgreitt hafi hann látið vita af uppsögn sinni með a.m.k. viku fyrirvara.

Aðstaða fyrir hreyfihamlaða, blinda og sjónskerta

Eitt herbergi er sérstaklega ætlað fyrir hreyfihamlaða, annað fyrir blinda og sjónskerta. Þau eru lánuð til skemmri tíma. Nemendur Háskóla Íslands geta sótt um aðgang að því til Náms- og starfsráðgjafar HÍ en aðrir til útlánadeildar.

Notendatölvur

Í fjórum herbergjum eru PC-tölvur af tegundinni Hewlett-Packard, HP ProDesk 600 G1. Örgjörvi er Intel(R) Core(TM) i3-4160T CPU @ 3.10GHz, 3100 Mhz, 2 Core(s), 4 Logical Processor(s), vinnsluminni 4GB. Stýrikerfi Windows 7 Enterprise x64 Hugbúnaður: MS Office 2013. Vafrar IE og Google Chrome. Annar hugbúnaður er Adobe Reader, VLC margmiðlunar-spilari og Endnote.

Leigutakar fá notendanafn hjá umsjónarmanni lesherbergja.

Netið

Þráðlaust net er í öllum lesherbergjum.

Prentun gagna

Tölvur í lesherbergjum eru tengdar prentara í þjónustuborði á 2. hæð. Hvert blað kostar 30 krónur.

Notendur með aðgengi hjá HÍ og prentkvóta á Uglu geta einnig nýtt tölvur á 3. og 4. hæð, þær eru tengdar prenturum sem eru í ljósritunarherbergjum.

Flutningur gagna af Netinu

Safngestur skal halda umfangi gagna sem flutt eru um Netið í hófi. Leyfilegt gagnamagn er 1000mb á dag. Ef gagnamagn fer yfir þau mörk ber notandanum að greiða 2 kr. á hvert umfang fram mb.

Umsjónarmaður lesherbergja er Sigríður Bjarnadóttir

netfang: sigridurb@landsbokasafn.is